

Sagnir um snjóflóð í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Viðdalíns

Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson

Unnið fyrir Ofanflóðasjóð

NÍ-01033

Akureyri, desember 2001



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT	
INNGANGUR	3
RANGÁRVALLASÝSLA	4
ÁRNESSÝSLA	4
GULLBRINGU- OG KJÓSARSÝSLA	4
BORGARFJARÐAR- OG MÝRARSÝSLA	7
HNAPPADALS- OG SNÆFELLSNESSÝSLA	8
DALASÝSLA	9
AUSTUR BARÐASTRANDARSÝSLA	10
VESTUR BARÐASTRANDARSÝSLA	10
VESTUR ÍSAFJARÐARSÝSLA	11
NORÐUR ÍSAFJARÐARSÝSLA	16
STRANDASÝSLA	19
VESTUR HÚNAVATNSSÝSLA	22
AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA	23
SKAGAFJARÐARSÝSLA	24
EYJAFJARÐARSÝSLA	27
SUÐUR ÞINGEYJARSÝSLA	31
NORÐUR ÞINGEYJARSÝSLA	34

NÍReykjavík Akureyri

Skýrsla nr NÍ-01033	Dags, Mán, Ár 29.12.2001	Dreifing <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Snjóflóð í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		Upplag 50
		Fjöldi síðna 34
Höfundar Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson		Verknúmer
Unnið fyrir Ofanflóðasjóð		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Safnað er saman á einn stað öllum upplýsingum um snjóflóð úr Jarðabók AM og PV		
Lykilorð Snjóflóð, Jarðabók AM	Yfirfarið	

Inngangur

Hér er tekið saman á einum stað allt það efni sem við höfum fundið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um snjóflóð. Gagnasöfnun þessi fór fram í tengslum við verkefni sem nefnt hefur verið „Skriðuannálar fyrri tíma“ og er unnið fyrir Ofanflóðasjóð.

Upplýsingum er hér raðað upp eftir sýslum, héraðsheitum og jörðum og er farið réttisælis um landið. Rétt er að minna á að sá hluti jarðabókarinnar sem fjallaði um Múla- og Skaftafellssýslur er glataður og hefur sennilega týnst í Kaupmannahafnarbrunum árið 1727.

Rangárvallasýsla

(Fljótshlíð – Eyvindarmúli) ...Hætt er bænum, túni og engjum fyrir snjóflóðum, skriðum og jarðhlaupum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótshlíð 1710*).

Árnessýsla

(Grímsnes – Sel) ...Túninu grandar fjallskriður og jarðföll. Enginu spillir Brúará með grjótáburði. Ekki er hér óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grímsnes 1708*).

(Grímsnes – Kaldárhöfði) ...Leigukúgildi nú iiii hafa fyrir 10 árum verið V, því lækkað, að jörðin spillist af skriðum (1698). Túnið spillist af skriðum úr brattlendi. Engjar má öngvar telja, nema hvað hent verður í vallendisbrekkum og spillist þá af leirskriðum og grjóti. Hætt er fyrir snjóflóðum bæði í túni og húsum, og hefur það innan 20 ára tekið fjósin. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grímsnes 1708*).

(Ölfus – Núpar) ...Túnið spillist af vatni og grjót úr brattlendi. Hætt er kvikfé og fjárhúsum fyrir snjóflóðum um vetur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ölfus 1708*).

Gullbringu- og Kjósarsýsla

(Mosfellssveit – Þormóðsdalur) ...Túninu spillir lækur með grjótskriðum. Hætt er fyrir snjóflóðum, foruðum og djújum (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

(Mosfellssveit – Helgadalur) ...Hætt er mjög fyrir snjóflóðum og skriðum bæði í bæ og túnnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

(Mosfellssveit – Minna-Mosfell) ...Hætt er bæði túnnum og bæ fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

(Kjalarnes – Vellir) ...Túnnum spillir skriða og er bænum orðið hætt bæði fyrir skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

(Kjalarnes – Tindsstaðir) ...Hætt er fyrir skriðum og snjóflóðum bæði bæ og túnnum, engjum og högum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1705*).

(Kjós – Miðdalur) ...Tún, engjar og hagar eru sífelldum skriðum undirorpnar, sem árlega spilla, og er jafnan fyrir því hætt, jafnvel heygörðum og fjósum þeirra Sölmundar og Geirlaugs. (Tún og engjar sem Jóna Ásbjarnarson heldur, hafa ekki

orðið fyrir þessum skaða). Hætt er fyrir snjóflóðum og foruðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Eyri) ...Hætt er fyrir snjóflóðum og skriðum bæði túnnum, högum, engjum og húsum og hefur nýlega þar skaðið orðið bæði á túni og engi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Flekkudalur) ...Áður hafa með jörðunni verið xii kúgildi, og var ii lækkað fyrir vatnaágang og skriður. Hætt er fyrir skriðum og snjóflóðum, bæði húsum og túni. Á brýtur engjar og tún, og ber grjót yfir til stórmeina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Sandur) ...Tún eru nær engin, því öll hin fornu eru nær eyðilögð af skriðum og vatni, og varð fyrir þeim háaska bæinn af hinum fornu tóftum að færa. ...Á brýtur engjar og tún, og ber grjót yfir til stórmeina. Ekki má óhætt kalla bænum þar sem nú er hann, fyrir skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Hurðarbak) ...Landskuld nú í c síðan 1699, að snjóflóð tók fjós og fénað, þangað til var ijc - Kvaðir eru nú öngvar, voru áður x álnir í mannláns nafni, þar til snjóflóð fordjarfaði ut supra. Kúgildin eru óuppbætt af landsdrottini í 23 ár, nema það eitt, ár þegar snjóflóðið eyðilagði kvikféð, lét landsdrottinn tvö kúgildi til en leiguliði eignaðist fjögur dauð fyrir tvö leiguár er hann hét að svara. Selstöðu í Meðalfellsland þarf með þágu að þiggja eður betala verði, því að búfjárhagar eru að mestu eyðilagðir af skriðum, og neyðast því ábúendur til að beita engi sitt, geta þó ekki vel varðað að peningur gangi í Meðalfells og Þorlaksstaðaengi. ...Túnin eru merkilega fordjörfuð af snjóflóðum og skriðum, og er hvorutveggja þessum jafnan yfirhangandi vofveiflegur mannháski manna og fénaðar, gjörist og árlega í næstu 20 ár hér af mein og skaði, og kostar það ábúendur stórerfiði sérhvert ár að moka skriður, og hefur landsdrottinn það hingað til öngu launað. Nú í ár væntu þeir batalings fyrir skriðumokstur í þrjár vikur. Vatnsbólið hefur skriðan á þessu ári tvisvar eyðilagt og hefur varla með stórerfiði upp aftur mokast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Þorlaksstaðir) ...Hætt er túninu mjög svo fyrir snjóflóðum og skriðum, og hefur snjóflóð fyrir meir en 60 árum aftekið bæinn þar sem þá stóð hann, var hann því færður þangað sem nú er. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Möðruvellir) ...Landskuld af xc barna sr.Jóhanns 1 álnir, hefur stundum meiri stundum minni verið eftir því, sem skriðufall hefur meira eður minna skemmt þennan hluta jarðarinnar. ...Skriða spillir túninu merkilega, einkum þeim xc , sem börn Sr.Jóhanns eiga. Engjar eru snögglendar mjög, og fordjarfast af skriðum árlega meir og meir, og þurfa ábúendur engi annarsstaðar að þá. Vetraríki er mikið. Hætt er fyrir snjóflóðum bæði túni og húsum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Írafell) ...Vetraríki er mikið. Snjóflóð og skriður granda högum og engi, þó meir á kóngsins parti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Fremri-Háls) ...Landskuld lx álnir, hefur áður verið lxxx álnir til fardaga. Síðan er hún aftur færð vegna skriðufalls á jörðunni. Túnin eru stórlega fordjörfuð af skriðum og enn hætt við meiri skaða bæði bænum og túnnum, mönnum og fénaði. Engjar öngvar á vissum stað, nema hvað slegið er vítt og dreif í heiðarlandi, og þó ekki í sama stað nema annaðhvört ár. En þær engjar, sem áður voru og nær liggja bænum, eru hartnær eyðilagðar af skriðum og leir. Hætt er bænum fyrir snjóflóði, og hefur það oft yfir fallið, svo legið hefur við húsbroti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Hækingsdalur) ...Túnunum hvoru tveggja spillir skriða og snjóflóð og er fyrir því árlegur háski, kostar og oft erfiði af að moka. Enginu spillir ogsvo skriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Reynivellir) ...Var beneficium og kirkjustaður. Er nú heimabærinn aldeilis eyðilagður af snjóflóðum og skriðum, svo ekkert bæjarhús stendur eftir. Kirkjan og kirkjugarðurinn stendur enn nú, þó í stórum háska, samt eru þar tíður fluttar. Leifar af þessu foreyddu beneficio eru nú sundur deildar í þrjú smábýli. ...Túnin eru stórlega fordjörfuð, þau er sjálfum heimatúnunum fylgdu, og mikinn part eyðilögð, og er jafnan voði fyrir meiri skaða, svo að ekki dirfast menn byggð á að setja í hinu forna bæjarstæði síðan snjóflóð 1699 yfirféll staðinn, braut hús, deyddi prestinn og 6 manneskjur aðrar, en beinbraut og limlesti þá sem þó urðu með stórerfiði úr snjóflóðsrústunum með mannsöfnuði upp mokuð og náðust lífs, en þó að bana komin. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Sogn) ...Tún eru lítil og fordjarfast mjög af skriðum. Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Valdastaðir) ...Túnin liggja undir skriðum og svo engin og er jafnlega voði fyrir þeim skaða, spillist og nokkuð ár frá ári. Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Neðri-Háls) ...Hætt er fyrir skriðum og snjóflóðum bæði túni, engi, fjósi og heygörðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Hvítanes) ...Túnnum og úthögum spillir fjallskriða. Engjar eru nær öngvar, því skriður hafa mestan part eyðilagt þær litlar sem voru. Ekki er túnnum óhætt fyrir snjóflóðum. Hreppamannaflutningur er hættur og erfiður yfir brotlendisskriður, þar sem sjór er undir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

(Kjós – Ingunnarstaðir/Hrísakot) ...Túnnum og engjum grandar skriða til stórmeina og kostar stórerfiði að moka. Hætt er fyrir snjóflóðum á bæ og tún. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

Borgarfjarðar- og Mýrarsýsla

(Dragháls í Svínadal) ...Hætt er bænum fyrir snjóflóði og túnnum fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).

(Svínadalur – Hlíðarfótur) Snjóflóð og fjallsskriður spilla högum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).

(Skilmannahreppur – Stórfellsöxl) ...Hætt er við snjóflóðum af bæjarlæknum mjög svo, að oft hefur þar af skaði orðið, þó hvorki manntjón eða peninga. Sami lækur ber skriður á tún og engjar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skilmannahreppur 1706*).

(Akraneshreppur – Efri-Reynir) ...Túnnum og engjum og högum er hætt við fjallsskriðum. Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum. Neðri - Reynir það sama. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraneshreppur 1706*).

(Skorradalur – Vatnshorn) ...Túninu granda fjallsskriður stórlega. Ekki er heldur bænum óhætt fyrir fjallsskriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

(Skorradalur – Hvammur) ...Túninu granda jarðföll og skriður. Hætt er skógi, túnnum og haga fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

(Lundareykjadalur – Gröf) ...Landskuld 1 álnir, hefur áður verið 1xx álnir, því aftur færð að skriða spilti. Túninu spillir grjótskriða úr fjalli til stór fordjörfunar, svo að hætt er bæði húsum og túni fyrir eyðileggingu. Svo er hætt við snjóflóðum sem að skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).

(Lundareykjadalur – Kross) ...Túninu spillir fjallsskriða, og er af henni árlega skaða von. Fyrir sömu skriðu er bænum hætt. Engjunum grandar sama skriða. Hætt er högum og kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).

(Lundareykjadalur – Hóll) ...Ekki er túnnum óhætt fyrir snjóflóðum, og hefur það skaða gjört til forna. Engi og högum spilla skriður og snjóflóð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).

(Lundareykjadalur – Iðunnarstaðir) ...Túninu granda leir og jarðföll. Ekki er túnnum óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).

(Lundareykjadalur – England) ...Kvaðir mannlán um vertíð á Akranesi, hefur ekki goldist síðan snjóflóð fordjarfaði jörðina. Hætt er bæði mönnum, bæ og túni fyrir snjóflóði og hefur það að skaða orðið og hefur bærinn fyrir því tvisvar fluttur verið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).

(Lundareykjadalur – Gullberastaðir) ...Leigugildi vii, hafa áður verið viii, því fækkað að skriða spilti. Túninu grandar skriða úr fjalli til stórskaða og snjóflóð með,

svo að hvorki er óhætt bæ né peningahúsum, mönnum né kvikfé, og er uggvænt fyrir þeim voða, hefur og næstu 2 ár mikið af orðið. Engjum og úthögum er og svo hætt við skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).

(Flókadalur – Múlastaðir) ...Landskuld xl álnir næst liðið ár, því afturfært frá lx álnum, sem þangað til voru, að fjallskriða fordjarfaði besta hluta túnsins (1706). Túninu grandar fjallskriða árlega til stórskaða.- Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Andakilshreppur 1707*).

(Flókadalur – Brennistaðir) ...Enginu spilla leirskriður úr brattlendi. Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykholtsdalur 1708*).

(Flókadalur – Fornu Brennistaðir) ...Heitir hér í landinu, þar eru ljós byggingamerki. Enginn veit þar hafi byggt verið, og ætla flestir bærinn hafi þaðan færður verið undan snjóflóðum eður fannlögum þangað sem nú er hann. Ekki má hér aftur byggja nema til að eyðileggja heima jörðina. (Athuga ekki er víst hvort snjóflóð). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykholtsdalur 1708*).

(Þverárhlið – Karlsbrekka) ...Túninu spilla smáskriður úr brattlendi. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Þverárhlið 1708*).

(Norðurárdalur – Glitstaðir, Uppsalir) ...Hætt er bæði högum og selhúsum fyrir snjóflóðum og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Norðurárdalur 1708*).

Hnappadals- og Snæfellsnessýsla

(Hnappadalur – Hallkelsstaðahlíð) ...Engjar sem áður hafa verið eyðilegðar fyrir skriðum, og ekki nú aðrar en það sem hent er úr úthögum í foraðkeldum og flóum. Hætt er kvikfé fyrir skriðum og snjóflóðum úr snarbröttu fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

(Miklaholtshreppur – Hjarðarfell) ...Túninu er hætt fyrir skriðu úr bröttu fjallgili, og svo fyrir snjóflóðum, sem oftlega falla. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miklaholtshreppur 1714*).

(Neshreppur (innan Ennis, Fróðárhreppur) – Máfahlíð) ...Túninu granda skriður og snjóflóð og svo úthögum, og er hvorki sumar né vetur fyrir því óhætt. Enginu granda sömu skriður og snjóflóð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neshreppur 1711*).

Dalasýsla

(Hvammssveit – Sælingsdalur) ...Engjum spillir bæði sami lækur og áin, og sumstaðar fellur á þær grjót og skriður. Hagar hafa stórum spilst af skriðum allvíða. Snjóflóðahætta er þar sumstaðar í landinu; þó er bænum ekki þar fyrir hætt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

(Hvammssveit – Hólar) ...Túnið spillist oftlega af skriðum, sem á það renna úr fjallinu, og bærinn með öllu túninu er í stærstu hættu ef illa vildi til, og skriða með snjóflóði hefur jafnvel gjört þar fjárskaða. Engjar spillast af skriðum og vatna uppgöngum, en sumar hefur áin brotið og borið upp á sand og grjót. Hagar sem verið hafa í fjallinu, er mestapart komnir í skriðu og grjót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

(Hvammssveit – Hvammur) ...Túnið spillist oftlega af skriðum og tveimur giljum úr fjallinu, og til forna hefur annað þeirra aftekið stórt stykki af túninu, svo aldrei kann aftur að verða að gagni, og bæði þau sumstaðar túnið með blettum fordjarfað og er mikill partur túnsins jafnlega þar af í hættu. - Hagar falla í skriður og blása upp árlega. - Snjóflóða hætt mjög, svo jafnvel er bærinn sjálfur og kirkjan þar fyrir í stórri hættu, ef illa vildi til. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

(Hvammssveit – Ketilsstaðir) ...Túnið spillist af leir, sandi og grjóti úr aurlækjum á vetrardag. Stórveðri fylgja á sandi en berja af rótina. Hagar spillast af skriðum æ meir og meir. Snjóflóð koma þar oft úr fjallinu. Hafa orðið að skaða ei mjög stórum, og ekki er bænum hætt fyrir þeim. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

(Saurbær – Fagridalur innri) ...Túnið spillist stundum nokkuð af grjótkasti úr fjalli. Engjar sumar eru aldeilis afteknar af skriðum og grjótkasti, en sumar fordjarfaðar. Hagar spillast stórum árlega af sama. Snjóflóð koma oft sumstaðar á vetur úr fjallinu, og hafa jafnvel stundum drepit kvikfénað. Á vorin í leysingum og í votviðrum eru oftlega menn og kvikfénaður í hættu fyrir grjótkasti úr fjallinu, hefur það og að skaða orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

(Saurbær – Tjaldanes) ...Engjar fordjarfast af skriðum og grjótkasti úr fjallinu, og það grjótkast er hættuvert fyrir kvikfénað, þegar illa vill til. Hagar fordjarfast árlega með sama móti. Snjóflóð hleypur oft úr fjallinu, þó ei hafi oft að skaða orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

(Saurbær – Hvoll) ...Túnið spillist nokkuð árlega af skriðum, sem oft lítilsháttar á falla. Engjar falla af smám saman og fordjarfast með sama móti, og Hvolsá spillir þeim og með sandi og grjóti. Hagar spillast jafnlega af skriðum. ...Grjótkast úr fjallinu hætt, þó ekki verði jafnlega að skaða. Snjóflóðahætt víða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

Austur Barðastrandarsýsla

(Brekka í Gilsfirði) ...Engjarnar spillast í einum stað af grjóthruni, en mesti partur þeirra er votunninn. Úthagarnir eru bjarglegir, en spillast af skriðum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og grjóthruni, og svo ógöngum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Geiradalur 1710*).

(Reykjanes – Skerðingsstaðir) ...Engjarnar spillast sumstaðar af skriðum og snjóflóðum úr fjallinu til stórskaða, og sumstaðar spillir þeim vatn, sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

(Reykjanes – Miðjanes) ...Engjarnar spillast sumstaðar af skriðum úr fjallinu. Hætt er kvikfé fyrir afætudýinu og grjóthruni úr fjallinu. Hætt sýnist bænum fyrir snjóflóðum og hafa þau einu sinni í manna minnum brotið eldhúsið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

(Reykjanes – Hamarland) ...Túninu hefur að fornu spillt grjóthrun úr fjallinu og nú af smá leirskriðum. Engjarnar spillast og af skriðum og snjóflóðum úr fjallinu stórlega. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum, sem oft hefur skaði að orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykhólahreppur 1710*).

(Kollafjörður – Galtará) ...Túnið spillist af aur og sandi sem rennur á það í leysingum úr fjallinu og engjarnar í sama máta af skriðum úr fjallinu. Hætt sýnist bænum nokkuð fyrir snjóflóðum, þó þau hafi honum hingað til ekki grandað. Þessi bær hefur verið tvisvar færður. Fyrst stóð hann hjá Þurra-Kinnargili niður við sjóinn. Hann tók skriðuhlaup úr gilinu og banaði fólkinu. Síðan var hann settur skammt fyrir neðan í túninu frá því sem hann er nú. Þaðan var hann færður fyrir svellalögum þangað sem hann er nú. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gufudalsuveit 1710*).

Vestur Barðastrandarsýsla

(Barðaströnd – Hreggsstaðir) ...Skriður fordjarfa landið, gjöra og skaða oft á peningi. Sandur fýkur og mjög á túnið, neðan frá sjónum. Snjóflóð skemmdi túnið í vetur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Barðastrandarhreppur 1703*).

(Rauðasandur – Skor) ...Þar er flæðihætt, og hefur oft allt féð drepíð. Ítem fyrir skriðum og snjóflóðum hætt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

(Rauðasandur – Naustabrekka) ...hjáleiga Lambavatni. ...Hætt er mjög á vetur í úthaga fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

(Patreksfjörður – Hænuvík) ...Vetrararbeit hættusöm fyrir menn og fénað fyrir brattlendi, svellalögum, snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rauðasandshreppur 1703*).

(Tálknafjörður – Krossadalur) ...Engjarnar eru að mestu eyðilagðar af skriðum að ofanverðu, en sandfoki frá sjónum að neðan. Úthagarnir eru og svo mjög skriðurunnir og uppblásnir, og því verða ábúendur að beita Selárdalshlíðar í prestsins leyfi ut supra. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum á Selárdalshlíðum, og svo smalanum, en ekki í heimalandi, nema nokkuð á Rúnahlíðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tálknafjörður 1710*).

(Arnarfjörður – Selárdalur) ...Túninu spillir Selárdalsá að neðan með landbroti. Engjunum spillir og Selárdalsá með grjóts áburði og skriðum að ofanverðu úr fjallinu til stórskaða. Úthagarnir eru stórlega af sér gengnir, skriðurunnir og uppblásnir. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum, snjóflóðum, grjóthruni og fornum torfgröfum, sem oft verður mein að. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

(Arnarfjörður – Uppsali) ...Túnið spillist stórlega af skriðum, einkanlega sá parturinn sem Jón býr á (tvískipt). Engjarnar í sama máta spillast stórlega af skriðum og snjóflóðum úr fjallinu. ...Hætt er nýja bænum fyrir skriðum, en sá eldri bærinn hefur verið færður hér um fyrir 30 árum undan skriðum, af tóftarústum þeim sem eru fyrir ofan bæinn þar í velliinum. (1686). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

(Arnarfjörður – Bakki) ...Túnið spillist stórlega af skriðum úr fjallinu, og svo sandfoki neðan úr fjörunni. Engjarnar spillast og í sama máta af skriðum til stórskaða. Úthagarnir eru mjög hrjóstrugir og skriðurunnir. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflóðum, og svo nokkuð fyrir snjóflóðum. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir skriðum, þó hafa þær ekki húsunum grandað til þessa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

(Arnarfjörður – Eyri) ...Engjunum spilla skriður úr fjallinu stórlega, og hafa mikið af þeim eyðilagð. Úthagarnir eru og svo stórlega skriðurunnir og uppblásnir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðardalir 1710*).

Vestur Ísafjarðarsýsla

(Arnarfjörður – Dynjandi) ...Landskuldarhæðin er ekki svo dýrlega ákveðin, að hún kunni hér að skrifast, en eftir jörðina hefur goldist í næstu 60 eða 70 ár eða lengur 8 rígsdalir, in specie í leigur (og) landskuld, nema um 13 eða 14 ár fyrir bóluna guldust hér 7 rígsdalir, en einum var afslegið fyrir skriðu, sem féll á túnið. ...Engjunum spillir snjóflóð og skriður til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

(Arnarfjörður – Bauluhús) ...Engjarnar hafa fordjarfast af skriðum og er sýnilegt að það muni áaukast. Úthagarnir í sama máta af skriðum stórlega fordjarfaðir. Hætt er kvikfé á vetur fyrir sjávarflóðum undir mósköflum og svo fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

(Arnarfjörður – Álftamýri) ...Túninu hafa skriður spillt, og er hætt mjög að aukast muni meir og meir. Enginu granda skriður úr fjallinu að ofan og sandfok frá sjónum

að neðan, og hafa skriðurnar meir en helming engjanna eyðilagð. Úthagarnir eru og merkilega af skriðum fordjarfaðir og í hrjóstur komnir, sem að orsakar nytbrest í búfénu. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum á vetur og svo fyrir sjávarflóðum undir mósköflum. Hætt sýnist kirkjunni fyrir skriðuhlaupi úr fjallinu, og hefur það eitt sinn mjög að henni gengið, en gjörði þó ei merkilegan skaða í það sinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

(Arnarfjörður – Stapadalur) ...Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagarnir í sama máta fordjarfaðir af skriðum og haglítið fyrir búfé. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflóðum og svo fyrir snjóflóðum. Heimræði er hér árið um kring, nema á vorin um vertíð ut supra, og gengur hér eitt skip á búanda, stundum tvö. Inntökuskip er hér eitt í landinu, þar sem heitir Afgangshlein, og liggja menn þar við tjald í nokkur ár, en áður hefur verbúð verið ein, sem niður er fallin fyrir grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

(Arnarfjörður – Lokinhamrar) ...Hvannatekja hefur verið í björgum, sem nú er að kalla eydd af skriðufalli, voru og til hvannanna stórar ógöngur og brúkaðist því lítt. Túnið hefur spillst stundum af skriðu og sprottið upp þess á milli. Hætt er útigangspeningi fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum, og hefur oft að því stór skaði orðið. Heimræði er hér árið um kring og lending góð og ganga hér 2 skip á búanda. Skipsuppsátrið er vont undir háa bakka með klettum, og er mjög hætt við að snjóflóð og grjóthrun grandi skipunum og hafa hér brotnað 4 skip í manna minni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Arnarfjarðarströnd 1710*).

(Arnarfjörður –Svalvogar) ...Engjarnar eru að mestu eyðilagðar af skriðum, grjóthruni og sandfoki. Úthagarnir eru og mjög skriðurunnir og uppblásnir allvíða. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

(Dýrafjörður – Arnarnúpur) ...Engjarnar spillast stórlega af skriðum og eru víða fyrir því eyðilagðar. Úthagarnir og svo mjög uppblásnir og víða skriðurunnir. Ekki sýnist bænum eða túninu óhætt fyrir snjóflóðum eður grjóthruni, þó hefur það hingað til ekki að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

(Dýrafjörður – Sveinseyri) ...Túnið fordjarfaðist af sandfoki og af skriðum úr fjallinu, og hefur fyrir nokkrum árum þetta skriðufall tekið 4 hús með fé og hestum, sem á túninu stóðu. Engjarnar spillast og af skriðum og blása upp sumstaðar og spretta lítt. Úthagarnir og svo mjög fordjarfaðir af skriðum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

(Dýrafjörður – Hof) ...Engjar spillast og af skriðum allvíða, sem að áeykst meir og meir, svo og spillir Kirkjubólsá engin með landbroti og grjóts áburði. ...Hætt er bænum fyrir skriðufalli og snjóflóðum og hefur hér einu sinni snjóflóð á bæinn hlaupið, þó það yrði ekki að stóru meini. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

(Dýrafjörður – Múli) ...Landskuld ij vætt og svo hefur verið í næstu xii ár, þar fyrir um nokkur ár var landskuld óviss sökum skriðu, sem á jörðina féll, en hér um fyrir 20 árum var tveggja vætta landskuld. (1690 og/eða 1698?) Túnið hefur af skriðum

stórlega fordjarfast, og mikill partur af því eyðilagst og sýnist að aukast muni. Engjarnar eru og svo stórkostlega fordjarfaðar af skriðum. Úthagarnir eru litlir og víða skriðurunnir og í hrjóstur komnir. ...Hætt er bænum fyrir snjóflóðum og hafa þau mjög á hann gengið, þó þau hafi ei hingað til hús brotið né burt tekið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dýrafjarðarhreppur 1710*).

(Dýrafjörður – Botn) ...Engjar eru fordjarfaðar af skriðum úr brattlendi. Snjóflóð er sagt að hlaupið hafi á bæinn og tekið bústofna, en ekki hefur það skeð í manna minni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Dýrafjörður –Innri-Lambastaðir) ...Engjarnar eru litlar og spillast þar meir af skriðum úr brattlendi. Úthagar í betra lagi. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum undir snjósköflum á vetur og svo fyrir snjóflóðum, bæði smalanum og svo kvikfénu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Dýrafjörður – Hjarðardalur stóri eða neðri) ...skipt í 5 bæi. ...Túninu spilla skriður stórlega, einkanlega parti Páls, og Bjarna og Þórunnar, og fyrir þessu skriðufalli telst byggðin fallin af heimabænum, þó að ekki tæki hún bæinn, þá var þar ekki óhætt mönnum inni. Enginu spilla og stórlega skriður á öllum pörtunum nema Þorleifs eins. Úthagar nálægt jörðunni eru stórlega fordjarfaðir af skriðum, uppblásnir og í hrjóstur komnir. Hætt er þessum bæjum fyrir snjóflóðum og jafnvel fyrir skriðum sumum af þeim, þó hefir þar ekki að meini orðið til þessa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Dýrafjörður – Lækjarós) ...Flæðihætta er hér fyrir sauðfé á vetur undir sköflum, sem leggur við sjóinn. Snjóskriður hafa og sauðfé grandað. engjarnar eru stórum spilltar af skriðum og aurfalli úr fjallinu. Hagarnir eru stórlega skemmdir af skriðuföllum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Dýrafjörður – Gerðhamrar) ...Túninu granda lækir með aurs áburði. Engjar eru að mestum parti eyðilagðar af skriðum. Úthagarnir í sama máta mjög fordjarfaðir af skriðum. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og snjóflóðum og hefur oft að því mein og skaði orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Dýrafjörður – Arnarnes) ...Túnið hefur spillst til forna af snjóflóðum með grjóts áburði, en ekki svo stórlega í nokkur ár, en þó grandar því nú grjóthrun nokkuð lítið. Engjarnar eru að mestu leyti eyðilagðar fyrir skriðum og grjóthruni, sem að áeykst árlega meir og meir. Úthagar eru og mjög af sér gengnir, skriðurunnir uppblásnir og í hrjóstur komnir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum, þó ekki verði jafnaðarlega að því stór skaði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Dýrafjörður – Birnustaðir) ...Túninu hafa grandað skriður sem að áeykst, og engjar öngvar. Úthagar eru litlir um sig, skriðurunnir og mjög hrjóstrugir, og þarf því ábúandi jafnan að þiggja haga af nágrönnum sínum, og kemur þar fyrir óakveðinn góðvilji en enginn viss tollur. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Dýrafjörður – Fjallaskagi) ...Leigukúgildi hafa verið við í margt ár, að fornu er sagt, að þau hafi verið 4. Nú eru 4 síðan næstu fardaga, því þá var tveimur fækkað

sökum skriðunnar sem á túnið féll. Túninu hafa langvaranlega skriður grandað og enn í haustið var, hljóp þar heim stóreflis skriða úr fjallinu og tók af nærri hálf tónið og engjarnar í sama máta, sem fyrir neðan túnið voru, og svo spilla skriður öðru slægjulandi, sem út frá bænum liggur, til stórskaða og eyðileggingar. Úthagarnir eru og svo mjög af skriðum fordjarfaðir. Hætt er kvikfé stórlega fyrir snjóflóðum á vetur og svo mannum sem það geymir. Hætt er bænum stórlega fyrir skriðum, og gekk svo skriðan mjög að bænum og jafnvel fyrir bæjardyrnar, sem túnið tók í haust. Hefur og bærinn undan skriðum færður verið af tóftarústum þeim sem í túninu eru inn frá bænum, og í annan tíma í fyrndinni (eftir því sem sagt er) af tóftarústum þeim, sem hér sjást í úthögum norður með sjónum á Krossavíkurbökkum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Ingjaldssandur – Sæból) ...Hætt er útingangspeningi á vetur fyrir snjóflóðum. Engjunum spilla skriður og hafa mikinn skaða gjört. Engjar litlar, mjög graslitlar, af skriðum og sandi mjög skemmdar. Sumarheit fyrir pening lítill að víðáttu og grasi, því í hrjóstur og grjót er komið af skriðum, þetta er lítill dalur, á honum mjög lítið lyngsnap. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Ingjaldssandur – Brekka) ...Engjarnar spillast stórlega af skriðum úr brattlendi, sem áeykst meir og meir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Ingjaldssandur – Villingadalur) ...Túnið hefur spillst af skriðum og sýnist enn nú hætt fyrir því. Úthagarnir eru mjög fordjarfaðir af skriðum og í hrjóstur komnir. Hætt er útingangspeningi á vetur fyrir snjóflóðum og svo fyrir harðfenni og svellalögum í snarbrattri fjallshlíð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mýrabingsókn 1710*).

(Önundarfjörður – Mosdalur) ...Hér er hætt fyrir snjóflóðum, ef ekki er vel vaktaður peningur. Skriður falla á túnið og spilla því. Heimaengjum (ef svo skal kalla) spilla og skriður, en fjallaslægjur eru nokkrar þar fyrir utan, og fellur í sama máta á þær þess á milli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Önundarfjörður 1710*).

(Önundarfjörður – Þorfinnsstaðir í Valþjófsdal)Hætt er bænum fyrir snjóflóði, og hefur einu sinni háskalega áhlaupið, en ekki verður bærinn vel færður. Snjóskriður með aur og grjóti falla á túnið. Engjunum spilla grjótskriður og snjóflóð, sem bera á aur, og eru engjarnar hér að stórum spilltar. Hagarnir þeir litlu sem voru, spilltust árlega af skriðum, og er mjög lítið eftir orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Önundarfjörður 1710*).

(Önundarfjörður – Efstaból) ...Engjarnar eru af skriðum stórum skemmdar og eyddar á þriðjungi, svo spilla og engjunum lækir, sem bera á þær grjót og aur. Snjóflóð hafa hér nokkrum sinnum peningi grandað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Önundarfjörður 1710*).

(Önundarfjörður – Kirkjuból í Korpudal) ...Skriður féllu á engjarnar fyrir um 4 árum, og var þá landskuld aftur færð um eina vætt á þessum partinum, en á hinum hélst afgangið svo sem var. ...Engjar eru stórum fordjarfaðar af því að skriða hljóp í ána og stemmdi hana upp á engjarnar og bar hún þar svo á aur og leir. Flæður spillir

og engjunum og bera á aur og grjót. Högum jarðarinnar hafa skriður stórlega spillt. Í einum hlut haganna þar sem hann er bestur, er stórum hætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Önundarfjörður 1710*).

(Önundarfjörður – Selakirkjuból) ...Túninu grandar vatn, sem étur úr rótina. Engjar eru forskemmdar af skriðum og mikinn part eyðilagðar. Úthagar og svo mjög skriðurunnir og graslausir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum, og hefur ábúandi misst fyrir 4 árum allt sitt fé út í sjó. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Önundarfjörður 1710*).

(Önundarfjörður – Hvilft) ...Enginu grandar til stórskaða skriður úr brattlendi. Úthagar eru mjög litlir heima á jörðunni og mjög hrjóstrugir. Hætt er kvikfé stórlega fyrir sjávarflæðum, undir mósköflum og svo snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Önundarfjörður 1710*).

(Önundarfjörður – Garðar) ...Engið er mestan part eyðilagt fyrir skriðum. Tóftarústir eru hér í túninu og hefur bærinn þaðan fluttur verið, þangað sem nú er hann fyrir manna minni og er sagt að því hafi ollað snjóflóð sem á bænum hafi gengið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Önundarfjörður 1710*).

(Önundarfjörður – Eyri) ...Túninu grandar mól og aur, sem rennur á það í vatnagangi og leysingu af holti því, er ofan völlinn er. Engjar mjög spilltar af skriðum, og fyrir því víðast eyðilagðar. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og merkilega fyrir snjóflóðum, og hafa þessi snjóflóð stundum tekið hér bæði menn og fé út í sjó, og hesta, og gjört með því stórkostlegan skaða. Hætt er húsum fyrir stórveðrum og ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir snjóflóðum, þó ekki hafi það hingað til mein gjört. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Önundarfjörður 1710*).

(Súgandafjörður – Staður) ...Enginu grandar vatn, sem étur út rótina. Úthagar foreyðast af skriðum. Hætt er útigangspeningi mjög fyrir snjóflóðum og hefur oft að því stórskaði orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

(Súgandafjörður – Suðureyri) ...Túninu granda skriður, sem mjög áeykst á báða partana. Engjarnar í sama máta eru forskemmdar af skriðum. Úthagar eru og svo mjög hrjóstrugir. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og snjóflóðum. Hætt er báðum bæjunum fyrir skriðum úr brattlendi, og hefur fyrir 4 árum skriða tekið 3 hús skammt frá syðra bænum. (1706). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

(Súgandafjörður – Botn) ...Engjunum granda skriður úr brattlendi. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarföllum, sem oft verður mein að. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

(Súgandafjörður – Gilsbrekka) ...Túninu grandar snjóflóð. Engjar eru öngvar nema það lítið sem hent er innan um skógarrunna. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. Hættur er hreppamannaflutningur fyrir snjóflóðum. Hætt er bænum stórlega fyrir snjóflóðum og hefur hann einu sinni fyrir þessum snjóflóðum aftekið í manna minni, og urðu bæjarmenn naumlega sjálfbjarga. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

(Súgandafjörður – Selárdalur) ...Engjar eru mestan part eyðilagðar fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum undir mósköflum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

(Súgandafjörður – Norðureyri) ...Túninu grandar sandfok. Engjarnar spillast stórlega af skriðum og grjóthruni. Hætt er kvikfé stórlega fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum. Vatnsból er lítið og hættulegt til að sækja fyrir snjóflóðum á vetur. Hætt er bænum mjög svo fyrir snjóflóðum, og hefur hann tekið tvisvar í manna minni, en þó menn lífs af komist í hvorttveggja sinn. Oftar hefur á bæinn hlaupið, sem gjört hefur ei alllittinn skaða bæði húsum og heyjum, kvikfénaði og skipum. Munnmæli eru að bærinn hafi í fyrndinni staðið þar sem nú er stekkur frá Norðureyri, og sjást þar byggingarleifar af tóftarústum, en ekki sést þar til girðinga, og segja sömu munnmæli að bærinn hafi þaðan fluttur verið undan skriðum og snjóflóðum, og fyrir því má hér ei byggð setja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

(Súgandafjörður – Göltur) ...Leigukúgildi I, áður fyrir xiiii árum iii, því fækkað kúgildum og sett niður landskuld að skriða féll á túnið. (1696) Túninu hafa grandað skriður og tekið af því hér um bil þriðjung. Engjar eru að mestu leyti fyrir skriðum eyðilagðar. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum, sem oft verður mein að. Hætt er bænum fyrir snjóflóðum og skriðum, og hefur oftlega á bæinn hlaupið og ekki annað sýnilegra en hann mundi taka, þó hefur það ei skeð hingað til. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

(Súgandafjörður – Keflavík) ...Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er kvikfé og þeim sem það vaktar bæði fyrir grjóthruni og snjóflóðum, og verður oft mein að. Skipsuppsátur er mjög illt, og hafa hér því tíðum skip farist og brotnað af grjóthruni, og þykir mönnum sýnilegt að fyrir því muni þetta heimræði um síðir af leggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Súgandafjörður 1710*).

Norður Ísafjarðarsýsla

(Skutulsfjörður – Hnífsdalur fremri) ...Hætt er hér útigangspeningi fyrir snjóskriðum á vetur. Grjótskriður hafa engjunum spillt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

(Skutulsfjörður – Kirkjuból) ...Túnið spillist af skriðum til stórskaða. Engjarnar hafa spillst af skriðum í sama máta, og eyðilagt af þeim hér um þriðja partinn. Hætt er kvikfénaði fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum á vetur þegar að fjörðinn ísar. Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

(Skutulsfjörður – Arnardalur fremri) ...Engjarnar hafa spillst stórlega af grjótsáburði úr Arnardalsá, svo og af smáskriðum úr brattlendi. Hætt er bænum fyrir snjóflóðum og hefur þetta snjóflóð fyrir 9 árum tekið 3 bæjarhúsið þó grandaði ei fólkinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skutulsfjörður 1710*).

(Álftarfjörður – Súðavík) ...Túninu grandar vatnságangur, sem étur úr rótina. Enginu granda smálækir og aurskriður úr snarbröttu fjalli sem bera á slægjulandið leir og grjót til stórskaða og eyðileggingar. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum undir mósköflum á vetur og hefur oft að þessu stór skaði að orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

(Álftarfjörður – Svarfhóll) ...Túninu grandar skriður úr brattlendi. Enginu í sama máta til stórskaða og eyðileggingar. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum, sé ei með góðri gætni við varðað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

(Álftarfjörður – Kambanes) ...Túninu grandar mól og leir, sem rennur á það úr brattlendi. Enginu granda skriður og smálækir, sem bera aur og sand. Hætt er kvikfé fyrir grjóthruni og snjóflóði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

(Seyðisfjörður – Eiði) ...Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum, sem þó hefur sjaldan meira að orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsókn 1710*).

(Skötufjörður – Hjallar) ...Munnmæli eru að hér hafi að fornu bænhús verið, og er hér ein tóft við bæinn utantil, sem kölluð er kirkjutóft og einn stór steinn hjá, sem kallast kirkjusteinn, sem sömu munnmæli segja að hrapað hafi úr fjalli og brotið þetta bænhús. Engjunum grandar grjóthrun. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og svo fyrir sjávarflæðum, sé ei með góðri gætni við varðað. Ekki þykir mönnum bænum óhætt fyrir snjóflóðum og skriðum, en þó hefur ei mein að því orðið til þessa, hvorki á húsum né túni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ögursveit 1710*).

(Laugardalur – Botn) ...Enginu grandar skriður úr brattlendi til stórskaða og sumstaðar vex víðir og fjalldrapi og skógur, sem og svo spillir slægjunni. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og að krapa á vetur úr snarbrattri hlið og klettum þegar að svell og harðfenni leggur í fjallið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsfjarðarsveit 1710*).

(Ísafjörður – Gervidalur) ...Túninu granda skriður og snjóflóð í vatnangangi á vetur og hefur þessi skriða mikinn part túnsins eyðilaggt, er og bænum ekki óhætt fyrir þessum voveiflegum skaða, þó hingað til hafi ekki stór skaði að orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Langadalsströnd 1710*).

(Langadalsströnd – Rauðamýri) ...Hætt er kvikfé fyrir afætuðyjum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Langadalsströnd 1710*).

(Langadalsströnd – Melgraseyri) ...Engjar öngvar nema á Hraundal, sem er óbærilega erfitt til að sækja, svo ekki verður farið nema til og frá á sama degi. Spillast og þessar fjallslægjur af smáskriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Langadalsströnd 1710*).

(Lónseyri í Kaldalóni) ...Enginu granda skriður úr brattlendi og sumpart Mórilla (áin) með sands áburði og er að því stór áraskipti, því stundum er engið gott en þess í milli, þá skaðinn tilfellur, mjög gagnslítið. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og svo fyrir snjóflóðum, sem oft verður mein af. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Snæfjallaströnd 1710*).

(Snæfjallaströnd – land Æðeyjar) ...Engjar liggja allar á meginlandi og verður heyi á skipi til að flytja, fulla hálfviku sjávar þar sem lengst er til að sækja. Sumstaðar er nokkuð skemmra og spillist þó þetta engi mjög af smáskriðum, snjóflóðum (og vatni) sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Snæfjallaströnd 1710*).

(Snæfjallaströnd – Garðar) ...Annað eyðiból á meginlandi (hjáleiga frá Æðey) þar sjást ljósar byggingaleifar af tóftarrústum, og eru munnmæli að hér hafi kirkja verið, og eru kallaðir skammt frá þessu takmarki Kirkjusteinar og Kirkjutungur. Ekki má hér aftur byggja fyrir snjóflóðum, er og sagt að snjóflóð hafi bæinn tekið og byggðina eyðilaggt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Snæfjallaströnd 1710*).

(Snæfjallaströnd – Skarð) ...Enginu grandar snjóflóð sem bera grjót og aur á slægjulandið til spjalla, sem að áeykst meir og meir. Hætt er húsum fyrir stórviðrum og svo snjóflóðum, þó ekki hafi að því hingað til merkilegur skaði orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Snæfjallaströnd 1710*).

(Snæfjallaströnd – Snæfjöll) ...Enginu granda skriður úr brattlendi með snjóflóðum, hvoru tveggja til stórskaða. Hætt er kvikfé fyrir ofviðrum, snjóflóðum og nokkuð fyrir sjávarföllum, hefur oft merkilegur skaði að því orðið og svo manntjón einu sinni. (Gullhús-hjáleiga. Kostir og ókostir samir með heimajörðinni). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Snæfjallaströnd 1710*).

(Grunnavík – Staður) ...Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og holgryfjulækjum, og tók þetta snjóflóð 7 hesta í einu, sem allir dóu af því tilefni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

(Kjós í Leirufirði) ...Enginu grandar snjóflóð og skriður úr snarbröttu fjalli til stórskaða. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

(Ljótastaðir í Leirufirði) ...Fornt eyðiból eftir því sem menn meina og sýnilegt er af tóftarrústum, en enginn veit með fullri vissu að segja að hér hafi byggð verið, en takmark þetta og tóftir liggja í Kjósarlandi og brúkaðist þaðan til beitar meðan byggt var. Þessi bygging meinast að eyðilagst hafi fyrir skriðum og snjóflóðum og má því ekki aftur byggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

(Kvíar í Lónafirði) ...Engjar spillast stórlega af skriðum og stórum fannlögum, sem liggja á stundum allt sumarið fram að hausti, og kaldavatn undan þessum fönnum, sem étur úr rótina, allt þetta til merkilegs skaða. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjávarflæðum undir stórfönnum sem liggja við sjóinn og sjór gengur upp undir og tekur féð, þá það rennur í fjöruna. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

(Steig í Veiðileysufirði) ...Enginu granda skriður og snjóvatn sem étur úr rótina og engjavegurinn langur og torsóttur í Karlstaðaland (eyðiból) og er þaðan flutt heyið jafnan á skipi. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og snjóflóðum, sem áður segir um Kvíar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

(Marðareyri í Veiðileysufirði) ...Túnið spillist af grjóthruni. Engjar öngvar teljandi nema lítið hvað hent er úr úthögum. Hætt er kvikfé merkilega fyrir skriðum og snjóflóðum, og hefur einn maður í manna minni dáði í þessum háska og 4 áður að sagt er, sem gengið hafa að kvikfé hvor um sig, og hefur þar með oft stórskæði að orðið á kvikfénu. Hætt er bænum stórlega fyrir snjóflóðum og hafa þau stundum á bæinn og allt í kringum hann hlaupið, en þó ekki hingað til hús tekið eður mönnum að bana orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grunnavíkursveit 1710*).

(Aðalvík – Þverdalur) ...Hreppamannaflutningur bæði langur erfiður og seinfær, sé fluttur sá vegur sem með hesta er fær kallaður, annars er á milli bæjanna annar vegur skemmri, og er hann heldur ófær en fær kallaður, því þar er farið með handvað fertugt bjarg upp og ofan, og er þetta hin mesta mannhætta bæði fyrir snjóflóðum og grjóthruni, og hafa því stundum menn slasast. Þessi torfæra heitir Hyrningsgata. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

(Aðalvík – Atlastaðir) ...Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum, fyrir sjávarflæðum og Bæjará. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Aðalvíkursveit 1710*).

Strandasýsla

(Árneshreppur – Þórustaðir) ...Munnmæli að þetta hafi verið upphaflegt bæjarstæði (Ingólfsfjörður) en tekið af í snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

(Árneshreppur – Munaðarnes) ...Engjar spillast af leir og grjóti. Snjóflóðahætt um vetur. Jörðin spillist jafnlega af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

(Árneshreppur – Miðhús) ...Munnmæli eru að það býli skuli eyðilagst hafa af snjóflóði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

(Árneshreppur – Melar) ...Á engjarnar renna skriður og hafa nokkurn part þeirra fordjarfað. Hætt er pening fyrir snjóflóðum et cetera. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

(Árneshreppur – Kjörvogur) ...Hætt er fyrir fénað af snjóflóðum, dýjum, skriðum og klettum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

(Árneshreppur – Naustavík) ...Landið spillist mjög af skriðum jafnaðarlega. Hætt fyrir kvikfénað af snjóflóðum, skriðum og flæðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

(Árneshreppur – Reykjafjörður) ...Engjar spillast af skriðum og lækjum, sem á bera leir og grjót. Vetrhart vegna snjóa. Hætt er kvikfénaði af snjóflóðum, skriðum, flæðum, pyttum og lækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Trékyllisvíkurhreppur 1706*).

(Kaldrananeshreppur – Kaldbakur) ...Engjar spillast af jafnaðarlegum snjóflóðum á vetrum með grjóti. Hagarnir spillast í sama máta. Snjóflóð ganga jafnaðarlega úr fjallinu norðan fram, sem fordjarfa bæði engjar og haga, og með þeim falla grjótskriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

(Kaldrananeshreppur – Asparvík) ...Túnið spillist af sandfoki og harðindum. Engjar spillast af grjóthruni og snjóflóðum. Hagarnir af sama og af skriðum (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

(Kaldrananeshreppur – Svanshóll) ...Landinu og engjaparti er hætt við fordjörfun af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

(Kaldrananeshreppur – Goðdalur) ...Engjar spillast af grjótskriðum úr fjallinu. Landið spillist mjög með sama móti. Vetrarhart mjög. Hætt fyrir fénað af snjóflóðum og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

(Kaldrananeshreppur – Tungukot) ...Kostir og ókostir eru allir hinir sömu og með heimajörðinni (Goðdal) nema snjóflóðahættara, skriðuminna og vatnsból verra. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

(Steingrímsfjörður – Bólstaður) ...Hætt fyrir fénað af giljum og lækjum, snjóflóð kunna og skaða að gjöra. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaldaðarneshreppur 1706*).

(Steingrímsfjörður – Staður) ...Tún er stórlega fordjarfað af grjótskriðu úr gili einu, og hætt af sama gili meiru af túninu, jafnvel staðnum og kirkjunni. Engjar spillast af skriðum og snjóflóðum. Hagar í sama máta af skriðum og uppblæstri... Hætt er fé sumstaðar fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

(Steingrímsfjörður – Kleppustaðir) ...Engjar grýttar, votar og spillast af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

(Steingrímsfjörður – Hólar) ...Engjar grýttar og spillast bæði af skriðum og landbroti af ánni. Hagar spillast af skriðum og jarðföllum. Snjóflóðahætta bæði fyrir menn og fénað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

(Steingrímsfjörður – Kirkjuból) ...Landskuld lxxx álnir til forna, en nú í þrettán ár hefur hún verið, síðan þar hljóp skriða, og er enn nú lx álnir. Engjar mestallar af og er slegið á dreif og er mjög grýtt. Hagar spillast jafnlega af skriðum og grjótfalli úr klettum. Snjóflóðahætt mjög. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1709*).

(Steingrímsfjörður – Tindur) ...Jörðin spillist í högum jafnlega af skriðum. Snjóflóð framarlega í dalnum koma oft á vetur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tröllatunguhreppur 1709*).

(Steingrímsfjörður – Geststaðir) ...Túnið spillist af skriðu sem gil ber á, sem rennur um túnið. Engjar eru á dreif, ósamheldar, votsóttar, spillast af skriðum og vatnsgangi, og illt til að sækja. Hagar spillast af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tröllatunguhreppur 1709*).

(Kollafjörður – Steinadalur) ...Túnið fordjarfast af gili einu, líka hleypur jafnan vatn úr því undir bæinn. Engjar eru flestar langt í burtu og erfitt til að sækja. Þær spillast sumstaðar af vatnsaga, skriðum og snjóflóðum. Hagar spillast í sama máta. Snjóflóðahætt fyrir fé og hesta. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

(Kollafjörður – Fell) ...Kirkjan og bærinn eru í hættu af gili einu, sem hlaupið hefur bæði inni kirkjuna og bæinn. Túnið hefur stórum fordjarfast og er í hættu af sama gili. Hagar spillast af skriðum, jarðföllum og flóðum. Hætt er fénaði af mógröfum gömlum, snjóflóðum, skriðum og hrapar úr klettum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

(Bitrufjörður – Skriðnesenni) ...Snjóflóðahætt sumstaðar. Skriður fordjarfa þar landið stórum og jafnlega. Fornt býli í landi Skriðningsennis: Í landinu sjást girðingar, meinast hafa verið gamalt býli. Er allt komið í grjót og skriðu. Kann ómögulegt að byggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

(Bitrufjörður – Einfættingsgil) ...Hætt fyrir fénað af lækjum, foröðum og snjóflóðum. Túnið fordjarfað og brýtur gil stórt þar hjá. Engjar spillast af leir, sandi og grjóti úr Krossá, giljum og aurlækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

(Bitrufjörður – Óspakseyri) ...Engjar fordjarfast af aurlækjum úr fjallinu og líka af Tunguá. Snjóflóðahætt er þar sumstaðar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

(Bitrufjörður – Kjóstaðir) ...Jörðin fordjarfast árlega á engjum og högum af aur, sandi, grjóti, vatnságangi, skriðum, snjóflóðum og sterkviðrum, svo líklegt sýnist að innan skamms muni eyðileggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

(Bitrufjörður – Brunngil) ...Engjar fordjarfast af grjóti úr tveimur ám. Hagar af skriðum og snjóflóðum og mörgum jarðföllum og af þessu er fénaður í hættu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

(Bitrufjörður – Þóroddsstaðir/Þórustaðir) ...Leigukúgildi hafa fyrrum verið iii, en þar eftir í fækkað vegna stórkostlegar skriðu, sem á féll, voru síðan langvarandi iii. Túnið liggur á skriðum og mýrlent á milli, en skemmist af aurlækjum. Engjar á dreif, skemmast sumar af leir, sandi og grjóti úr Tunguá, en sumar af vatnsaga. Hagar eru stórum árlega að fordjarfast af skriðum, og skriðu jarðfall sýnist yfir vofa í fjallinu

upp undan bænum, hætt fyrir bæinn og túnið. Snjóflóð renna oft úr fjallinu, hætt fyrir fénað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bitruhreppur 1709*).

Vestur Húnavatnssýsla

(Miðfjörður – Bálkastaðir) ...Hætt er kvikfé fyrir snjóflóði og fjörumóði einnig hrapa gripir fyrir sjávarkletta. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).

(Miðfjörður – Núpdalstunga) ...Snjóflóð hafa hér kvikfé að skaða orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).

(Miðfjörður – Barkastaðir) ...Kolskóg hefur jörðin góðan átt, en hann er nú eyddur mest fyrir skriðum, svo varla fæst nú slóðhrís eftir. Engjarnar fordjarfar skriða úr brattlendi árlega meir og meir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum í högum þeim, sem kallað er Barkastaðagil. Þetta er landspláss það sem skógurinn var í áður, sá er skriðurnar eyðilagð hafa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).

(Vatnsnes – Helguhvammur/Kothvammur) ...Það (engi) sem Jón yngri brúkar liggur hærra til fjallendis, en er með sama móti (votlent), þó er það nýlega spillt af stóru jarðfalli. Skriður og snjóflóð spilla högum og er kvikfé varla óhætt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).

(Vatnsnes – Ánastaðasel) ...Ekki er kvikfé óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).

(Vatnsnes – Katadalur) ...Skriðuvon er og grandar hún högum, en hingað til hvorki túni né engjum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705*).

(Vesturhóp – Ósar) ...Venjulegum skipanaustum er hætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705*).

(Vesturhóp – Breiðabólstaður) ...Snjóflóð spilla túni staðarins. Bæjarlækurinn spillir túninu og engjum með skriðum og hefur staðarhaldarinn oft miklu erfiði til kostað að afvenda þessu meini. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705*).

(Vesturhóp – Böðvarshólar) ...Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum og hefur það til skaða komið bæði á túni og högum. Svo er högum og túni hætt fyrir skriðum og granda þær högum oftlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705*).

Austur Húnavatnssýsla

(Vatnsdalur – Haukagil) ...Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

(Vatnsdalur – Grímstunga) ...Túninu granda leirskriður af brattlendi. Ekki er fjárhúsi óhætt fyrir snjóflóði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

(Vatnsdalur – Guðrúnarstaðir) ...Túninu grandar lækjarskriða með grjóti. Ekki er kvikfé óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

(Blöndudalur – Eldjárnsstaðir) ...Engjunum spilla leirskriður úr brattlendi. Hætt er fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínadalur 1706*).

(Blöndudalur – Rugludalur) ...Leigukúgildi ii, áður fyrir ellefu árum iii, því aftur færð landskyld og fækkað kúgildum, að skriða féll á túnið og tók af því mikinn part. (1697) Túninu grandar gil eitt, sem rennur úr snarbröttu fjalli með stórskriðuhlaupum á vetur og vor í vatnavöxtum, og hefur þessi skriða eyðilagð af vellinum yfir eða undir þriggja daga slátt. Hætt er bænum mjög fyrir snjóflóðum og stórskriðuhlaupum úr gili því, sem grandar túninu, og fyrir ellefu árum tók þessi skriða bæinn allan nema tvö hús, og dóu þá í það sinn tveir menn, en fjórir komust lífs af, en þó lamaðir mjög, og þykir mönnum líklegt að sökum þessa voveiflega skaða muni þessi jörð innan skamms eyðileggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

(Blöndudalur – Selland) ...Túninu grandar jarðföll úr brattlendi og sandur og leir sem rennur á það í vatnavöxtum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

(Svartárdalur – Hvammur) ...Enginu grandar grjóthrun og leir, grjót og sandur, sem smálækir bera á engið úr snarbröttu fjalli, sem áeykst árlega. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

(Svartárdalur – Syðri-Leifsstaðir) ...Kostir og ókostir sem segir um Skottustaði, nema að hér er túninu hættara fyrir snjóflóðum og skriðum, hefur hér og meiri skaða gjört, og meir en fyrir sjötíu árum tók bæinn allan með fjósi og nautum, eitt hræðilegt snjóflóð, sem hljóp ú bæjargilinu, og er það ætlan manna eftir því sem þeir hafa heyrt af sér eldri mönnum að þar muni þá allt fólk dáíð hafa, sem í bænum var, fyrir þessu mikla flóði. Eftir það var bærinn uppbyggður suður við túngarðinn þar sem nú stendur hann, og því er bænum ei svo hætt fyrir þessu snjóflóði sem áður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

(Svartárdalur – Ytri-Leifsstaðir) ...Kostir og ókostir sem segir um heimajörðina, nema aldrei hefur snjóflóð grandað þessum bænum, en undir sama skaða liggur völlurinn og á heimajörðinni (snjóflóð/skriður). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

(Svartárdalur – Bólstaðahlíð) ...Engjar öngvar nema hvað hent verður úr fjallshlíðum og hvannabrekkum, sem þó spillist af grjóti og leir árlega. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

(Skagaströnd – Tjörn í Nesjum) ...Hætt er kvikfé fyrir dýjum og skriðum og snjóflóðum úr fjalli, hefur oft að þessu mein orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vindhælishreppur 1708*).

Skagafjarðarsýsla

(Gönguskörð – Skarð) ...Engjatak á jörðin í Veðramótalandi (Skarðsteigur). Þetta engjatak spillist þó mjög af grjóti og leir sem lækir bera úr brattlendi. Túninu grandar eitt gil úr brattlendi með grjóts og sandsáburði, þó hefur það ekki áaukist í nokkur ár. Ekki er bænum óhætt fyrir vatnagangi og snjóflóðum úr bæjargilinu, þó hefur að því til þessa ekki stórt mein orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

(Vesturdalur – Gil) ...Hætt er mönnum og kvikfé fyrir snjóflóði og hefur það nýlega að skaða orðið, en jafnlega falla snjóflóðin og að kalla árlega, þó ekki sé skaðinn jafntíður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

(Austurdalur – Skatastaðir) ...Túninu granda leirskriður og vatnsuppgangur. Hætt er fyrir snjóflóðum og grjóthruni, ítem jarðföllum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

(Austurdalur – Miðhús) ...Túnið er fordjarfað af grjótskriðum og veðrum. Engjar fordjarfaðar af grjóti, sem hrynur úr háum hólum. Hætt er í fjárhögum fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

(Austurdalur – Kelduland) ...Túni og engjum spilla leirs og grjótskriður úr brattlendi og líka snjóflóð; hafa þau grandað hér kvikfé; en engið er mikinn part eyðilagt af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

(Austurdalur – Flatatunga) ...Á Egilsdal er högum hætt fyrir skriðum og snjóflóðum, og þar í sama máta fyrir gljúfraklettum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

(Blönduhlíð – Sólheimar) ...Túni og engjum granda leirskriður úr brattlendi, en engið að neðan brjóta Héraðsvötnin svo nú er þeirra farvegur þar sem fyrir 10 árum var engið sjálft, og stekkjarsæði, sem þá var héðan, liggur nú fyrir vestan vötnin, en stekkurinn stóð áður á miðju enginu. Hætt er vetrarhögum fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

(Blönduhlíð – Hjaltastaðahvammur) ...Helmingur túns er fordjarfaður af grjótskriðu úr gilinu fyrir ofan bæinn, og er honum ekki fyrir því óhætt, svo og hefur snjóflóð hlaupið hér úr gilinu á bæinn; ekki hefur það mönnum að skaða orðið hingað

til, en kvikfé grandaði það. Svo er hér og í landinu mjög hætt fyrir snjóflóðum á vetur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

(Blönduhlíð – Axlarhagi) ...Engjar lakar og litlar og úthögum hætt við skriðum, sem jafnlega falla á landið. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og dýjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

(Hjaltadalur – Hvammur) ...Túni og engjum spilla skriður úr fjalli svo stórmeið er að og enn að auki Hjaltadalsá. Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum og ekki fyrir foröðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

(Kolbeinsdalur – Fjall) ...Túninu granda leirskriður úr brattlendi og er ávallt hætt við þeim skaða. Hætt er bæði bæ og kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

(Kolbeinsdalur – Bjarnastaðir) ...Túninu og engjum spilla skriður úr fjalli. Hætt er fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

(Kolbeinsdalur – Skriðuland) ...Túninu granda fjallskriður en enginu Kolbeinsá. Hætt er við snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

(Kolbeinsdalur – Saurbær) ...Engjar eru mjög skemmdar af skriðum og þó enn nú hjálplegar. Hætt er fyrir snjóflóðum, svo að það hefur sett bæjarmenn í lífsháska, það hefur og eyðilagt fjárhúsin að fornu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

(Kolbeinsdalur – Sviðningur) ...Vatnsgangur úr brattlendi grandar túni og engjum og hvergi óhætt fyrir skriðum. Hætt fyrir snjóflóðum og falla þau þrálega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

(Óslandshlíð – Miðhús) ...Tún er lítið og skaðast af grjóttuppgangi. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum, og ei óhætt, að þá falli snjóflóð yfir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Óslandshlíð 1709*).

(Deildardalur – Stafn) ...Túninu grandar vatn úr brattlendi og svo Deildará. Hætt er bæði bæ, kvikfé og mönnum fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Deildardalur – Brúarland) ...Túninu grandar fjallskriður og snjóflóð og þó engjum enn framar, og er árlega hætt við að sá skaði vaxi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Unadalur – Spáná) ...Túni og engjum granda skriður. Hætt er fyrir snjóflóðum og svo fyrir foröðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Unadalur – Bjarnastaðir) ...Jarðföll og skriður fordjafar engið og svo snjóflóð og Unudalsá. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Unadalur – Grundarland) ...Hætt er fyrir snjóflóðum í mesta máta. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Unadalur – Á) ...Engið fordjarfar snjóflóð og skriður. Hætt er kvikfé fyrir tjörn þeirri sem snjóflóð hefur gjört. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Unadalur – Ljósstaðir) ...Hætt er högum og kvikfé fyrir snjóflóðum og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Unadalur – Hugljósstaðir) ...Hætt er túni fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Höfðaströnd – Þratarstaðir) ...Hætt er fyrir snjóflóðum og svo kvikfé fyrir foröðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Höfðaströnd – Þratarstaðagerði) ...Kostir og ókostir sem áður segir á heimajörðinni (Þratarstaðir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Höfðaströnd – Litlabrekka) ...Hætt er húsum fyrir og heyjum fyrir stórviðri og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Höfðaströnd – Mýrakot) ...Aðrir kostir og ókostir sem hér eftir segir um jörðina Mannskaðahól. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Höfðaströnd – Mannskaðahóll) ...Enginu granda skriður og vatnsgangur. Hætt er fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Höfðaströnd – Garðaríki) ...Aðrir kostir og ókostir sem áður segir (Mannskaðahól). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

(Sléttuhlið – Þverá) ...Engjar litlar, spillast þó af skriðum úr brattlendi. Ekki þykir mönnum að bænum sé öldungis óhætt fyrir skriðum eður snjóflóðum, þó hefur ekki að því mein orðið til þessa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sléttahlið 1709*).

(Sléttuhlið – Fjall) ...Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir snjóflóðum, þó hefur til þessa ekki að því mein orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sléttahlið 1709*).

(Flókadalur – Krakavellir) ...Ekki er húsum óhætt fyrir snjóflóðum á vetur, og hefur það til borið í manna minni, að snjóflóðið hefur fallið á fjárhúsin og drepíð sauðfé sem í húsunum var. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

(Flókadalur – Steinavellir) ...Túninu granda skriður úr brattlendi til stórkaða og svo engjum í sama máta. Hætt er kvikfé fyrir holgryfjulækjum og djújum og svo snjóflóðum á vetur. Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum og eru munnmæli að

snjóflóð hafi að fornu á bæinn hlaupið en ekki grandað mönnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

(Fljót – Prasastaðir) ...Hætt er bænum fyrir snjóflóðum, og hefur það einu sinni til borið fyrir vel 30 árum, að snjóflóðið tók bæinn og varð einum manni að bana, hinir komust naumlega burt með lífi. Þetta sama snjóflóð tók heyið í burt og braut fjósið, þó varð það ekki nautum til bana. Þá spilltist og túnið nokkuð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

(Fljót – Höfn) ...Kostir og ókostir sem segir um heimajörðina (Hvammur) nema bænum er hér mjög hætt við snjóflóðum og hér um fyrir 30 árum hljóp snjóflóð á bæinn, svo menn komust naumlega lífs undan. Sama snjóflóð tók fjósið og drap iii nautin, en ekki hefur það síðan að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

(Fljót – Reykjahólskot) ...Hætt er heimabænum (Reykjum) stórlega fyrir snjóflóðum, og hefur það skeð fyrir 40.árum að snjóflóð hefur tekið bæinn, og komust menn naumlega lífs undan, og varð kona ein undir húspaki í þrjú dægur, svo hún náðist ekki, komst þó með lífi burt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

(Fljót – Máná) ...Hætt er kvikfé fyrir klettum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

Eyjafjarðarsýsla

(Siglufjörður – Staðarhóll) ...Túninu hefur hér um 14 árum spillt ein jarðfallsskriða úr fjallinu og eyðilagt nokkurn part efst af vellinum. (1698) Engið er að mestu eyðilagt af skriðum úr fjallinu. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir snjóflóðum þó hafa þau honum hingað til ekki grandað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

(Siglufjörður –Rjómalækur) ...Þar með hlaupa snjóflóð oftlega á hjáleigustæðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

(Siglufjörður – Brúnakot) ...Engið er gjörsamlega eyðilagt af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

(Siglufjörður – Grundarkot) ...Ekki má þar byggð setja fyrir snjóflóðum og eru nokkrar gátur á, svo sem nú sýnist líklegt, að þau hafi í fyrndinni kotið eyðilagt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

(Héðinsfjörður – Vatnsendi) ...Enginu spillir Héðinsfjarðará með sandáburði og sumpart skriður úr fjallinu. Úthagarnir góðir og miklir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum, og svo fyrir Héðinsfjarðará (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Ytriá/Gunnólfsá) ...Engið er mestanpart eyðilagt af skriðum úr fjallinu. Hætt er kvikfé fyrir sjávangangi í fjörunni og snjóflóðum í landi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Syðriá) ...Engið er slitrótt og spillist af leir og snjóflóðum úr fjallinu. Úthagarnir spillast mjög af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Ósbrekka) ...Útígangur í fjörunni að nokkru gagni, en lakari á landi sakir snjóflóða. Engið er stórlega fordjarfað af snjóflóðum sem áeykst árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Skeggjabrekka) ...Engið er stórlega fordjarfað og mikinn part eyðilagt af snjóflóðum, skriðum og vatni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Skeggjabrekkukot) ...Útígangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Garður) ...Engjar eru mjög litlar og slitróttar og spillast þar með af leir úr fjallinu. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Auðnir) ...Útígangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um Garð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Þóroddsstaðir) ...Túninu hefur spillt að sunnanverðu skriðugil með grjótsáburði og tekið af því nokkurn part og er enn hætt við þeim skaða, að hann gangi meir á völinn. Engið er stórlega skemmt af skriðum til fjallsins. Úthagarnir eru mjög skriðurunnir og hrjóstrugir til fjallsins, og er því hætt að engið beitist. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Hróthóll) ...Útígangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina (Þóroddsstaðir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Hringver) ...Túnið spillist af snjóflóðum öðru hverju, ekki ætla menn að þessi jörð muni aftur byggjast sakir snjóflóða, sem hlaupa öðru hvoru í bæinn, síðan jörðin lagðist í eyði, svo hvorki er óhætt mönnum né fé. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Bakki) ...Engið spillist af skriðum og snjóflóðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Ólafsfjörður – Brimnes) ...Túninu hefur skriða spillt og snjóflóð fyrir nokkrum árum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

(Upsaströnd – Mígindi) ...Fornt eyðiból. ...Þar með er hér óbyggjandi fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

(Upsaströnd – Geitavellir) ...kallast eitt örnefni á ströndinni út frá Sauðárkoti. ...Verður og ei aftur byggt fyrir heyskaparleysi og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

(Upsaströnd – Helgastaðir) ...heitir annað örnefni í sama landi. ...Ekki má hér heldur byggð setja, því þetta landspláss er eyðilagt af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

(Upsaströnd – Sauðárkot) ...Túni spilla snjóflóð stórlega með grjótsáburði. Engið er að mestu eyðilagt. Úthagarnir eru nægir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. Hætt er kotinu stórlega fyrir snjóflóðum og tók eitt þeirra fyrir 9 árum allan bæinn ofan að veggjum, nema eitt hús, þó komust menn lífs af, ein kýr dó þar inni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

(Upsaströnd – Sauðanes) ...Enginu spilla skriðuföll og grjótsáburður af smálækjum úr fjallinu. Úthagarnir eru enn nú bjarglegir, en spillast mjög af snjóflóðum árlega. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og svo smalann. Einnig er kvikfé hætt við að hrapa fyrir björg, jafnvel um hásumar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

(Upsaströnd – Sauðaneskot) ...Útigangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina (Sauðanes), nema hér spillir enginu grjóthrun með skriðunum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

(Upsaströnd – Tófugerði) ... eyðibýli í landi Hóls. ...En bærinn (Hóll) hafði þaðan fluttur verið undan snjóflóðum, og því má ekki aftur byggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

(Upsaströnd – Hlökkubúð) ...eyðibýli í landi Upsa ...Snjóflóð er sagt að eyðilagt hafi þennan bæ, og því hafi hann fluttur verið. En ekki hlaupa nú gjarnan snjóflóð á þessar nasir, og því töldu menn að hér mætti aftur byggja, en þó rýrir það allt staðinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

(Svarfaðardalur – Ytra Holt) ...Túninu spillir í einum stað til skemmda Holtsá með grjóts og sands áburði. Engið er að mestu eyðilagt, það sem á dalnum var, af skriðum, en hitt, sem fyrir neðan bæinn liggur, af sandi og leir úr Holtsá og vatni sem étur úr rótina. Úthagarnir eru um sumar tímunn nægir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum á dalnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

(Svarfaðardalur – Urðir) ...Túninu er hætt fyrir snjóflóðum en ekki hafa þau hingað til neitt af því eyðilagt. Engið hefur stórlega fordjarfað Svarfaðardalsá með grjótsáburði og svo skriður og snjóflóð úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

(Svarfaðardalur – Klaufabrekkur) ...Snjóflóð eitt í elstu manna minni hefur hlaupið hér á fjárhúsin og drepíð nokkuð af fénu. Það gekk og mjög að bænum, en grandaði honum þó ekki, en hafði með sér garðheyið ofan af veggnum. Ekki hefur

þetta síðan við borið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

(Svarfaðardalur – Atlastaðir) ...Enginu hefur spillt stórlega fyrir fáum árum ein stór jarðfallsskriða úr fjallinu. Hætt sýnist bænum fyrir snjóflóðum, þó hafa þau honum ekki grandað inn til þessa, en brotið hefur eitt snjóflóð fjárhús, sem stendur eður stóð þá skammt upp frá bænum, og þar er sagt bærinn hafi staðið í fyrstunni og hafi undan þessum snjóflóðum færður verið þangað sem hann er nú. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

(Svarfaðardalur – Kot) ...Enginu spilla skriður úr fjallinu og hafa áður spillt. Úthagarnir bæði víðlendir og heilnæmir en víða mjög skriðurunnir. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

(Skíðadalur – Másstaðir ytri og syðri) ...Snjóflóð tók bæinn fyrir 60 árum. Túninu spillir stórlega skriður og snjóflóð þó enn meira á syðra bænum áeykst meir og meir. Enginu granda snjóflóð og skriður til stórskaða, áeykst árlega. Úthagarnir eru bjarglegir, þó eru þeir mjög á dalnum og til fjallsins skriðurunnir. Hætt er kvikfé fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er báðum bæjunum fyrir snjóflóðum og skriðuhlaupum og hefur hér oft verið hætt komið, en þó ekki húsum grandað allt til þessa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

(Skíðadalur – Þverá) ...Úthagarnir eru mjög þrönglendir og skriðurunnir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

(Skíðadalur – Krosshóll) ...Enginu spilla snjóflóð með grjótsáburði og skriður, einkanlega fyrir 6 árum og því var landskuldin aftur færð. (1706). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

(Skíðadalur – Sveinsstaðir) ...Túninu spilla snjóflóð með grjótsáburði og er sagt að bærinn hafi að fornu undan þeim fluttar verið af tóftarústum sem hér eru framaná vellinum. Engið hafa skriður fordjarfað fyrir 6 árum og eyðilagt af því nokkurn part. (1706). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

(Svarfaðardalur – Gljúfurárkot) ...Enginu spilla skriður úr fjallinu. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

(Hörgárdalur – Skollatunga) ...Enginu spilla hér stórlækir með grjóts og leirs áburði, ekki er hér óhætt á dalnum kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðupingsókn 1713*).

(Hörgárdalur – Saurbær) ...Ekki er hér kvikfé óhætt fyrir snjóflóðum. Skriður granda og landinu árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðupingsókn 1713*).

(Hörgárdalur – Myrká) ...Hætt er hér fyrir snjóflóðum, mönnum og kvikfé. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðupingsókn 1713*).

(Djúpidalur – Strjúgsá) ...Túninu hefur fyrir vel um 30 árum grandað eitt stórkostlegt snjóflóð með skriðufalli úr einu gili, og er enn hætt við þeim skaða, þó er túnið mikinn part uppræktað. Engið er og stórlega af skriðum fordjarfað og víða óvinnandi. Úthagarnir eru nægir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og jafnvel smalanum. Ekki er bænum óhætt fyrir áðursögðu snjóflóði, sem túninu grandí, en þó sakaði bæjarhúsin ekki en lamb og fjárhús tók á vellinum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

(Eyjafjarðardalur – Gilsá) ...Landsskuld I c í næstu 6 eða 7 ár, áður ii c, svo lengi sem menn minnast, en var aftur færð fyrir smáskriðum á tún og engjar. (1705-1706) Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

(Eyjafjarðardalur – Halldórsstaðagerði) ...Er sagt að jörðin hafi þar í fyrndinni staðið og þaðan undan snjóflóðum bærinn fluttur verið þangað sem nú er hann, en ekki sést þar til garðlaga fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

Suður Þingeyjarsýsla

(Grýtubakkahreppur – Fagribær) ...Jarðardýrleiki xx c, eftir því sem jörðin hefur tíundast í vel 30 ár. Orsakaðist dýrleikans afturfærsla af skriðufalli á tún og engjar. Túninu hefur fyrir vel 30 árum grandað stórkostlegt skriðufall úr fjallinu og eyðilaggt af því mikinn part, og svo nokkuð annað skriðufall að framanverðu og sýnist líklegt að þessi skaði muni á aukast. (rétt fyrir 1682) Enginu hefur og grandað það sama stóra skriðufall til stórs skaða og eyðileggingar, sem áeykst árlega, og sakir þessa mikla skaða hefur jörðin verið niður sett að dýrleika og byggingarkostum. Ekki er kvikfé óhætt fyrir snjóflóðum, þó hefur að því hingað til ekki stórt mein orðið. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðum úr fjallinu, þó hafa þær hingað til ekki honum grandað en heim undir húsgarðinn gekk sú mikla skriða sem áður um getur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Dalsmynni – Skuggabjörg) ...Enginu spilla snjóflóð með grjóti, sem hlaupa á það úr austurfjallinu yfir Fnjóská. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Dalsmynni – Skarð) ...Enginu spilla skriður úr fjallinu, þó ekki um nálæga tíma til merkilegs skaða. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Dalsmynni – Pálsgerði) ...Túnið spillist nokkuð af grjóthruni. Enginu granda skriður úr fjallinu og snjóflóð til stórskaða...Hætt er bænum mjög svo fyrir snjóflóðum og hefur eitt í hann hlaupið fyrir 35 árum, sem braut fjósið og drap 2 kýrnar og fótbraut þá þriðju. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Dalsmynni – Litlagerði) ...Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina, nema kotinu sjálfu er óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Látraströnd – Svinárnes) ...Enginu spillir til stórskemmda snjóflóð og skriður úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Látraströnd – Steindyr) ...Túninu er hætt að spilli snjóflóð, sem á það hlaupa öðru hvoru, og svo bar við fyrir 6. árum, og enginu í sama máta spilla sömu snjóflóð.- Hætt er kvikfé fyrir sjávarflóðum, og svo á vetur fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Látraströnd – Miðhús) ...Túninu spilla snjóflóð með grjótsáburði, þó ekki til eyðileggingar allt til þessa. Engið er fordjarfað og að vísu til helminga eyðilagð af snjóflóðum og skriðum. Úthagarnir eru mjög litlir og skriðurunnir Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir snjóflóðum, þó hafa þau ekki í manna minni honum grandað, en á fjárhúsin hafa þau hlaupið nokkrum sinnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Látraströnd – Sker) ...Hætt er túninu við skaða af snjóflóðum, sem hingað til hefur þó orðið ræktað. Enginu hafa spillt snjóflóð og skriður til skaða. Úthagarnir eru bjarglegir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Látraströnd – Grímsnes) ...Enginu spilla snjóflóð öðru hvoru með grjótsáburði, þó ekki til stórrar eyðileggingar. Úthagarnir eru sæmilega víðlendir og góðir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Látraströnd – Látur) ...Túninu spillir nokkuð sjórinn að framanverðu með landbroti og snjóflóð úr fjallinu með grjótsáburði. Enginu spillir og grjótsáburður af snjóflóðum til stórs skaða. Hætt er kvikfé fyrir sjávarflæðum og snjóflóðum. Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum og hafa þau einu sinni á fjárhúsin hlaupið og tekið heyin en ekki grandað þó bænum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

(Keflavík) ...Túninu grandar sjávangur með landbroti og hellugrjót, sem vindur ber á það í stórviðrum úr fjöllunum. Engið er að mestu eyðilagð fyrir skriðum og snjóflóðum og grjóthruni. Úthagarnir eru bæði litlir og mestan part í hrjóstur komnir af skriðum og grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðahverfishreppur 1712*).

(Í Fjörðum – Jórunnarstaðir) ...Ekki má hér aftur byggja fyrir snjóflóðum, sem menn hyggja að hafi eyðilagð þetta býli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðahverfishreppur 1712*).

(Fnjóskadalur – Bakki) ...Skógur er að kalla eyddur til raftviðar mest fyrir snjóflóðum. Engið er mikinn part eyðilagð af skriðum og snjóflóðum, og er það eina til slægna, sem hent er innan um þessi skriðuföll. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

(Fnjóskadalur – Belgsá) ...Útigangur mjög svipull fyrir fannlögum og snjóflóðum. Túninu hefur fyrir nokkrum árum spillt eitt stórt skriðufall, sem á það hljóp úr fjallinu, og er þó mikinn part uppvaxið, með því að skriðunni var komið saman í stórhauga. Enginu spilla og skriður úr fjallinu skaðlega, en þar sem óspjallað er, hvítnar upp og sprettur lítt. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir snjóflóðum og hafa þau nokkrum sinnum nálægt honum gengið og eitt sinn tekið hesthús á vellinum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

(Fnjóskadalur – Lundur) ...Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

(Ljósavatnsskarð – Háls) ...Túninu spillir aur og grjót, sem hleypur á þá með smáskriðum úr brattlendi á vorin, sem þó verður afræktað. Engið er bæði slitrótt og smáfengið og víði vaxið, og spillist þar með af skriðum úr fjallinu. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

(Ljósavatnsskarð – Sigríðarstaðir) ...Túninu grandar ein skriða úr fjallinu til skaða, og horfir þó til meiri spjalla með framtíðinni. Engið er stórlega fordjarfað af snjóflóðum, sem borið hafa í það mól og grjót. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og svo fyrir dýjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

(Fnjóskadalur – Hallgilsstaðir) ...Túninu spillir leirságangur úr brattlendi skaðlega og langvarandi órækt. Hætt er kvikfé fyrir holgryfjum og lækjum og svo fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

(Dalsmynni – Þverá) ...Enginu spilla snjóflóð og smálækir, sem bera á það leir og grjót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

(Ljósavatnsskarð – Kross) ...Enginu spilla snjóflóð úr fjallinu með grjótsáburði til stórs skaða, sem á eykst meir og meir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum á vetur, og svo mannum sem það vaktar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

(Ljósavatnsskarð – Litlu Tjarnir) ...Engið er mikinn part eyðilagt fyrir snjóflóðum og skriðum úr fjallinu, en það sem eftir ef lítt vinnandi fyrir grjóti. Úthagarnir eru nægir, en spillast mjög af skriðum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

(Aðaldalur – Presthvammur) ...Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykjadalshreppur 1712*).

(Tjörnes – Ytri-Tungur) ...Túninu spillir kulda snjóvatn, sem gjörir hvíta rotbletti. Engjarnar eru mjög spilltar til skaða af grjóthruni og grjótsókn á allar síður, því þær liggja í hvömmum með einu gili en háir melar allt um kring, hafa og alltaf verið smáfengnar. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum við sjóinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tjörnes 1712*).

Norður Þingeyjarsýsla

(Þistilfjörður – Norðurhús) ...Munnmæli að bærinn (Flautafell) hafi þar í fyrndinni staðið og þaðan undan snjóflóðum fluttur verið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Þistilfjörður 1712*).